

Insey Winsey Spider

Kalli litli könguló



Innihald:

4 leikspjöld, 4 köngulær, 1 snúningsskífa, 1 teningur með tölum, 1 teningur með formum, 1 teningaglas

Kalli litli könguló

klifraði upp á vegg.

Þá kom rigning og Kalli litli féll.

Upp kom sólin og þerraði hans kropp.

Kalli litli könguló

klifraði upp á topp.

Talnaleikur

Hvað er markmið leiksins?

Hjálpaðu Kalla könguló að klifra upp á topp í vefinn sinn áður en það kemur rigning.

Hvernig á að spila?

Hver leikmaður velur könguló og spjald í sama lit. Spjaldið er látið á borðið þannig að hliðin með formunum snýr niður.

Allir setja köngulóna sína á byrjunarreitinn sinn. *ATH. Það á bara að nota teninginn með tölunum í þessari útgáfu.*

Yngsti byrjar með því að kasta teningnum og færa sína könguló jafn marga reiti upp vegginn og stendur á teningnum.

Síðan snúa þeir veðurskífunni. Ef að örin lendir á sól þá má köngulóin þá bíða þar sem hún lenti. Ef að örin lendir á rigningu þá fellur köngulóin aftur á byrjunarreit. Þá á næsti að gera.

Leikmenn þurfa ekki að fá nákvæmlega rétta tölu til að komast í vefinn.

Hver vinnur?

Sá vinnur sem er fyrstur að koma sinni könguló upp á topp.

Formaleikur

Hvað er markmið leiksins?

Hjálpaðu Kalla könguló að klifra upp á topp í vefinn sinn.

Hvernig á að spila?

Hver leikmaður velur könguló og spjald í sama lit. Spjaldið er látið á borðið þannig að hliðin með formunum snýr upp.

Allir setja köngulóna sína á byrjunarreitinn sinn. *ATH. Það á bara að nota teninginn með formunum í þessari útgáfu.*

Yngsti byrjar með því að kasta teningnum og færa sína könguló upp á næsta form sem er eins og það sem er á teningnum.

Síðan snúa þeir veðurskífunni. Ef að örin lendir á sól þá má köngulóin þá bíða þar sem hún lenti. Ef að örin lendir á rigningu þá fellur köngulóin aftur á byrjunarreit. Þá á næsti að gera.

Ef að formið á tengingnum passar ekki við neitt af formunum sem eru fyrir ofan þá hreyfir köngulóin sig ekki og næsti á að gera.

Leikmenn verða að kasta og fá upp rétt form á teningnum til að komast í vefinn á endareitnum.

Hver vinnur?

Sá vinnur sem er fyrstur að koma sinni könguló upp á topp.

Þýðandi: Sigursteinn J. Gunnarsson